

Nd. **605. Frumvarp til lánsfjárlaga** [221. mál]
fyrir árið 1983.
(Eftir 2. umr. í Nd., 10. mars.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 852 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 000 þús. kr.

2. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 860 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum.

3. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 31 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

5. gr.

- Heimild er til lántoku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:
1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1983 að fjárhæð 95 800 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 2. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1983 að fjárhæð 180 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 3. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra er heimilt að taka lán á árinu 1983 vegna framkvæmda og skuldbreytinga samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila og fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1983 að fjárhæð 612 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Byggðasjóðs að fjárhæð allt að 5 000 þús. kr. vegna smíði fiskiskipa innanlands.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 2., 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

10. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 69 825 þús. kr. á árinu 1983. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

11. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 22 828 þús. kr. á árinu 1983.

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands eigi fara fram úr 26 600 þús. kr. á árinu 1983.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 15 515 þús. kr. á árinu 1983.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 141 514 þús. kr. á árinu 1983.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 158 050 þús. kr. á árinu 1983.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánaþjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánaþjóðs sveitarfélaga eigi fara fram úr 5 510 þús. kr. á árinu 1983.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 16 185 þús. kr. á árinu 1983. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1983 rennur í ríkissjóð.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 8 522 þús. kr. á árinu 1983.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 39 960 þús. kr. á árinu 1983.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 353 þús. kr. á árinu 1983.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 10 356 þús. kr. á árinu 1983.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1983 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 1 439 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 16 564 þús. kr. á árinu 1983.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 68 000 þús. kr. á árinu 1983.

III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra, svo

og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagahemild liggi fyrir.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjárlætlunar fyrir árið 1982 er nemí allt að 100 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1983—1985 að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fiskiskipum innanlands, sem nemí allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Pótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðróð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

28. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán að upphæð 10 millj. króna sem verja skal sem byrjunarframlagi til byggingar á ferjuskipi sem ætlað er að starfrækja á Breiðafirði.

29. gr.

Lánsfé samkvæmt lögum þessum skal ráðstafa í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, og skal núverandi fjárveitinganefnd starfa þar til önnur hefur verið kjörin.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.